

Skipulagsskrá

fyrir Samfélagssjóð Fljótsdals

Nafn

1. gr.

Sjóðurinn heitir Samfélagssjóður Fljótsdals og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

Heimilisfang

2. gr.

Heimilisfang er í Fljótsdalshreppi.

Markmið og tilgangur

3. gr.

Markmið og tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðli að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljótsdal á Héraði nánar tiltekið á því landsvæði sem er innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.

Stofnandi

4. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Fljótsdalshreppi, kt. 550169-5339.

Stofnfé, tekjur og ábyrgð

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 70.000.000 - krónursjöttíumilljónir - og er að fullu lagt fram af stofnanda sbr. 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- I. Framlög stofnanda umfram stofnfé.
- II. Frjáls framlög einstaklinga og lögaðila.
- III. Vextir og arður af eignum sjóðsins.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar.

Stjórn

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara til tveggja ára í senn og skal einn stjórnarmaður vera formaður stjórnar.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps skipar í fyrstu stjórn sjóðsins sem skal sitja til loka ársfundar sjóðsins árið 2022 en fráfarandi stjórn skal þegar að honum loknum kjósa nýja stjórn. Eftirleiðis skal fráfarandi stjórn kjósa nýja stjórn þegar að loknum ársfundi þess árs þegar hverju tveggja ára kjörtímabili stjórnar lýkur, fyrst að loknum ársfundi 2024.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf milli sín verkum.

Stjórn skal ætíð skipuð hið minnsta þremur stjórnarmönnum og þremur varamönnum sem eiga lögheimili innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps. Verði breyting á lögheimili stjórnarmanns eða varamanns sem leiðir til þess að skilyrði um lágmarksfjölda stjórnarmanna eða varamanna verði ekki náð skal stjórn kjósa nýjan stjórnarmann eða varamann sem uppfyllir framangreint búsetuskilyrði í stað þess sem missir kjörgengi á næsta stjórnarfundi.

Stjórnarfundir eru einungis lögmætir til að taka ákvarðanir ef stjórn er fullmönnuð og þrír stjórnarmenn hið minnsta eru með lögheimili innan núverandi sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps. Einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu máls en falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns niðurstöðu. Sé aðalmaður forfallaður eða er vanhæfur til þátttöku í ákvörðun skal formaður stjórnar boða varamann til stjórnarfundar. Verði ekki unnt að fullmanna stjórn sökum forfalla eða vanhæfis aðalmanna og varamanna skal stjórn sjóðsins kjósa stjórnarmann eða stjórnarmenn ad hoc til þátttöku í afgreiðslu viðkomandi máls.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála skulu gilda sömu reglur og um hæfi sveitarstjórnarmanna sbr. nú 20. gr. laga nr. 138/2011 eftir því sem við getur átt.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Halda skal fundargerðir um það sem gerist á stjórnarfundum. Í fundargerðarbók skal skrá öll erindi sem berast stjórn og með hvaða hætti þau eru afgreidd.

Hlutverk stjórnar

7. gr.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og stýrir öllum málefnum hans.

Stjórn skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við skipulagsskrá.

Stjórn kemur fram út á við fyrir hönd sjóðsins. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir hann.

Aðrar stjórnar- og stoðeiningar

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórn er einnig heimilt að semja við einstakling eða lögaðila um verktöku við að sjá um starfsemi sjóðsins og/eða veita stjórn ráðgjöf við afgreiðslu mála.

Fjárvarsla

9. gr.

Stjórn sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Stjórn skal heimilt að fela fjárvörsluaðila vörslu og ávöxtun sjóðsins.

Óheimilt er að nýta eignir og tekjur hans til annarra verkefna en samræmast tilgangi hans og markmiðum sbr. 3. gr. Sjóðnum er óheimilt að veita lán af eigin fé sínu. Stjórn skal leitast við að tryggja sem besta ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma án þess að stofna fé hans í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði.

Stjórn skal fyrir hvert ár gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og skal hún hafa verið samþykkt í stjórn fyrir árslok næstliðins árs. Í fjárhagsáætluninni skal koma fram áætluð heildarfjárhæð styrkja sem verða til úthlutunar á starfsárinu og áætluð gjöld.

Úthlutun

10. gr.

Einstaklingar, félög og aðrir lögaðilar geta fengið styrki úr sjóðnum óháð búsetu enda uppfylli verkefni sem óskað er eftir að verði styrkt skilyrði sem fram koma í 3. gr. og skilyrði úthlutunarreglna sem stjórn skal setja sjóðnum. Óheimilt er að veita styrki úr sjóðnum áður en stjórn hefur samþykkt úthlutunarreglur. Stjórn er heimilt að endurskoða úthlutunarreglur fyrir árslok ár hvert.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og ákveður úthlutun til einstakra verkefna og hvernig þeir greiðast til styrkþega.

Komi fram umsókn um styrk að fjárhæð kr. 4.000.000 og hærra skal stjórn leita ráðgjafar utanaðkomandi aðila um afgreiðslu hennar og skal skrifleg umsögn slíks aðila liggja fyrir þegar stjórn tekur ákvörðun um hana. Með sama hætti er stjórn heimilt að leita ráðgjafar utanaðkomandi aðila vegna umsókna um styrk um fjárhæðir undir kr. 4.000.000 telji hún þörf á.

Um fyrirkomulag og fjárhæð styrkja, greiðslu þeirra, auglýsingu, ákvarðanatöku og utankomandi ráðgjöf skal nánar kveðið á um í úthlutunarreglum.

Stjórn ákveður heildarfjárhæð sem er til úthlutunar. Hún skal jafnframt gæta þess að óskerðanlegt stofnfé sjóðsins sé nægjanlegt svo ganga megi frá slitum sjóðsins, þegar og ef sú ákvörðun verður tekin, sbr. 12. grein.

Reikningsárið, ársreikningar, endurskoðun og ársfundur

11. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins skal ráða skoðunarmann (einn eða fleiri) eða endurskoðanda (endurskoðunarfyrtæki) til að setja upp ársreikninga sjóðsins. Skoðunarmaður eða endurskoðandi sjóðsins má ekki koma úr hópi stjórnarmanna. Ársreikningar sjóðsins skulu staðfestir af stjórn og skoðunarmanni eða endurskoðanda (endurskoðunarfyrtæki).

Stjórn sjóðsins skal halda opinn ársfund á lögheimili hans fyrir lok apríl ár hvert. Á ársfundinum skal stjórn kynna starfsemi sjóðsins frá síðasta ársfundi, fara yfir ársreikning síðasta starfsárs og fjárhagsáætlun yfirstandandi starfsárs. Ársfundurinn skal auglýstur með sannarlegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining

12. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum aðila eða leggja hann niður, þarf samþykki minnst fjögurra stjórnarmanna. Slíkar ráðstafanir skulu svo bornar skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiða sem greint er frá í 3. gr. eða skyldra markmiða.

Staðfesting sýslumanns

13. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi í Végarði, Fljótsdalshreppi þann 16. mars 2020.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 28. júní 2024.

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals:

Arna Björg Bjarnadóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Lárus Heiðarsson

Signý Ormarsdóttir

Þórhallur Jóhannsson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Undirritunarsíða

Lárus Heiðarsson

Jóhann Frímann Þórhallsson

Þórhallur Jóhannsson

Arna Björg Bjarnadóttir

Signý Ormarsdóttir